

# 3. Persónubeyging í nútíð og þátíð

Þú hefur séð að sagnorð fá mismunandi endingar eftir því hvaða persóna frumlagið er.

Ég skrifa vel.  
Hún skrifar vel.  
Við skrifum vel.

Rifjaðu upp bls. 27 í 2. hefti.

Ekki fá öll sagnorð sömu persónuendingar.

Ég	borða	fisk	Ég	drekk	mjólk
Þú	borðar	fisk	Þú	drekkur	mjólk
Hann	borðar	fisk	Hann	drekkur	mjólk
Við	borðum	fisk	Við	drekkum	mjólk
Þið	borðið	fisk	Þið	drekkið	mjólk
Þeir	borða	fisk	Þeir	drekka	mjólk



Sagnorð fá aðrar persónuendingar í þátíð.

	Nútíð			Þátíð	
Ég	borð-a	fisk	Ég	borð-að-i	fisk
Þú	borð-ar	fisk	Þú	borð-að-ir	fisk
Hann	borð-ar	fisk	Hann	borð-að-i	fisk
Við	borð-um	fisk	Við	borð-uð-um	fisk
Þið	borð-ið	fisk	Þið	borð-uð-uð	fisk
Þeir	borð-a	fisk	Þeir	borð-uð-u	fisk

Þátíðarviðskeyti er bætt við stofn sagnorða. Persónuendingum er bætt við þátíðarviðskeytið.

Sagnorð eins og **borða** eru **veik sagnorð**. Þau fá **viðskeyti** í þátíð.

## Nútíð

Dóra b o r ð **a r** köku.

stofn

3.p.et

## Þátíð

Dóra b o r ð **a ð i** köku.

stofn

þátíðarviðskeyti

3.p.et



Strikaðu undir stofn sagnorðanna.

borðaði	gerir	kaupir	talar	hjóluðu
talaðir	lesum	sofnaði	vaknið	dansa
skrifuðuð	sofnum	talaði	borðið	hjóla
lest	kyssum	vaknaði	gerum	sofnar

# Persónubeyging veikra sagnorða

Skoðaðu nú persónubeygingu veikra sagnorða í nútíð og þátíð.

Nútíð			Þátíð				
et.	1. p.	Ég	borð-a	fisk	Ég	borð-að-i	fisk
	2. p.	Þú	borð-ar	fisk	Þú	borð-að-ir	fisk
	3. p.	Hann	borð-ar	fisk	Hann	borð-að-i	fisk
ft.	1. p.	Við	borð-um	fisk	Við	borð-uð-um	fisk
	2. p.	Þið	borð-ið	fisk	Þið	borð-uð-uð	fisk
	3. p.	Þeir	borð-a	fisk	Þeir	borð-uð-u	fisk

Þátíðarviðskeytið er ekki eins í eintölu og fleirtölu.



Skoðaðu töfluna vandlega. Breyttu sagnorðunum í svigunum í nútíð.

Sigurður (bakaði) bakar margar smákökur. Védís og Gunnar (byrjuðu)

\_\_\_\_\_ í skóla í haust. Svavar (safnaði) \_\_\_\_\_ frímerkjum.

Alice (saumaði) \_\_\_\_\_ fallegan kjól. Ég (hjólaði) \_\_\_\_\_ heim.

Carl (vaknaði) \_\_\_\_\_ alltaf snemma.

Við (teiknuðum) \_\_\_\_\_ mynd af mömmu.



Skiptu sagnorðunum í orðhluta.

Ég prjónaði peysuna sjálf.

stofn

þátíðarviðskeyti

persónuending

prjón

að

i

Þú þakkaðir aldrei fyrir þig.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Kennarinn skammaði krakkana.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

John og María dönsuðu alltaf saman.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

Þið þökkuðuð öllum gjöfunum inn.

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_




Skoðaðu töfluna vandlega. Breyttu sagnorðunum í svigunum í þátíð.

Dísa (byrjar) byrjaði í skólanum í haust. Hún (hlakkar) \_\_\_\_\_ mikið til.

Susan (lánar) \_\_\_\_\_ Guðrúnu penna. Hún (skilar) \_\_\_\_\_ honum aftur

og (þakkar) \_\_\_\_\_ fyrir lánið. Krakkarnir (borða) \_\_\_\_\_ pítsur

í afmælinu. Siggi og Dísa (borða) \_\_\_\_\_ mest.



# Persónubeyging sterkra sagnorða

Lestu aftur  
bls. 8 og 9.

Skoðum nú persónubeygingu sterkra sagnorða í nútíð og þátíð.  
Sagnorð eins og **drekk** eru **sterk sagnorð**.  
Þau fá ekki viðskeyti í þátíð.

Í sterku sagnorðunum breytist stofninn.  
Það er ekki sama sérhljóð í stofninum í nútíð og þátíð.



		Nútíð			Þátíð		
et.	1. p.	Ég	drekk	mjólk	Ég	drakk	mjólk
	2. p.	Þú	drekk-ur	mjólk	Þú	drakk-st	mjólk
	3. p.	Hann	drekk-ur	mjólk	Hann	drakk	mjólk
ft.	1. p.	Við	drekk-um	mjólk	Við	drukk-um	mjólk
	2. p.	Þið	drekk-ið	mjólk	Þið	drukk-uð	mjólk
	3. p.	Þeir	drekk-a	mjólk	Þeir	drukk-u	mjólk



Skoðaðu töfluna vel. Berðu saman sterk og veik sagnorð.  
Eru fullyrðingarnar réttar eða rangar? Krossaðu í réttan reit.

rétt    rangt

Persónuendingar veikra og sterkra sagnorða eru eins í nútíð eintölu. \_\_\_\_\_

Persónuendingar veikra og sterkra sagnorða eru eins í nútíð fleirtölu. \_\_\_\_\_

Persónuendingar veikra og sterkra sagnorða eru eins í þátíð eintölu. \_\_\_\_\_

Persónuendingar veikra og sterkra sagnorða eru eins í þátíð fleirtölu. \_\_\_\_\_



Taktu eftir!  
Sterk sagnorð fá ekki  
viðskeyti í þátíð eins  
og veikur sagnorðin.



Sagnorðin í æfingunni eru öll í þátíð. Eru þau veik eða sterk?

Inga fór ( sterk ) í bæinn í gær. Hún ætlaði ( \_\_\_\_\_ ) að kaupa afmælisgjöf  
handa vinkonu sinni. Hún leitaði ( \_\_\_\_\_ ) lengi og loksins fann ( \_\_\_\_\_ ) hún  
skemmtilegan geisladisk. Hún gaf ( \_\_\_\_\_ ) henni líka kort sem hún bjó ( \_\_\_\_\_ )  
til sjálf. Inga flýtti ( \_\_\_\_\_ ) sér heim og pakkaði ( \_\_\_\_\_ ) gjöfinni inn,  
klæddi ( \_\_\_\_\_ ) sig í sparifötin og hljóp ( \_\_\_\_\_ ) í afmælisveisluna.

# Kennimyndir

Eins og þú hefur séð breytist sérhljóð í stofni sterkra sagnorða. Þessar breytingar á sérhljóðinu eru kallaðar **hljóðskipti**. Hljóðskipti eru margvísleg og svolítið óútreiknanleg.

<b>nútið</b>	<b>þátíð</b>
ég drekk	ég drakk

Í *Íslenskri orðabók* eru hljóðskipti sterkra sagnorða sýnd. Ef þú flettir upp sagnorðinu **drekka** þá stendur:



**drekka – drakk – drukkum – drukkið**

Þetta kallast **kennimyndir** sterkra sagnorða. Lítum betur á kennimyndirnar.

1. kennimynd	<b>drekka</b>	nafnháttur	(að drekka)
2. kennimynd	<b>drakk</b>	1. persóna eintala, þátíð	(ég drakk)
3. kennimynd	<b>drukkum</b>	1. persóna fleirtala, þátíð	(við drukkum)
4. kennimynd	<b>drukkið</b>	lýsingarháttur þátíðar	(ég hef drukkið)

1. kennimynd, nafnhátturinn, sýnir okkur hvernig stofn sagnorðsins er í **nútið**.
2. kennimynd sýnir okkur hvernig stofn sagnorðsins er í **þátíð eintölu**.
3. kennimynd sýnir okkur hvernig stofn sagnorðsins er í **þátíð fleirtölu**.
4. kennimynd sýnir okkur lýsingarhátt þátíðar.



Flettu sagnorðunum upp í orðabók og skrifaðu kennimyndir þeirra.

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd	4. kennimynd
ganga	ég gekk	við gengum	ég hef gengið
fara			
líta			
gráta			
koma			
sjóða			
sofa			
standa			
búa			

Nú sérðu að:

- Stofn sagnorða eins og **koma** breytist ekkert.
- Stofn sagnorða eins og **gráta** er eins í 2. og 3. kennimynd.
- Stofn sagnorða eins og **búa standa** og **ganga** breytist mikið.

# i-hljóðvarp

Lítum betur á sterku sagnorðin **drekka** og **taka**.

		Nútið	Pátíð	Nútið	Pátíð
et.	1. p.	drekk	drakk	tek	tók
	2. p.	drekk-ur	drakk-st	tek-ur	tók-st
	3. p.	drekk-ur	drakk	tek-ur	tók
ft.	1. p.	drekk-um	drukk-um	tök-um	tók-um
	2. p.	drekk-ið	drukk-uð	tak-ið	tók-uð
	3. p.	drekk-a	drukk-u	tak-a	tók-u



Kennimyndir sagnorðanna **drekka** og **taka** eru:

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd	4. kennimynd
að drekka	ég drakk	við drukkum	ég hef druckið
að taka	ég tók	við tókum	ég hef tekið

1. kennimynd, nafnhátturinn, sýnir okkur hvernig stofn sagnorðsins er í **nútið**.

**drekka** er nafnháttur. Sérhljóðið í nútiðinni er **-e-** eins og í nafnhættinum.

nafnháttur → nútið  
**að drekka** → ég drekk  
 þú drekkur  
 hann drekkur

**taka** er nafnháttur. En sérhljóðið í nútiðinni er ekki **-a-** eins og í nafnhættinum heldur **-e-**.

nafnháttur → nútið  
**að taka** → ég tek  
 þú tekur  
 hann tekur

Þessi breyting **a → e** er kölluð **i-hljóðvarp**.

i-hljóðvarp veldur því að sérhljóðið í stofni sumra sterkra sagnorða breytist í nútið eintölu.



Líttu á þessi dæmi. Skrifaðu sérhljóðabreytinguna á línurnar.

nafnháttur → nútið

að taka → ég tek a → e

að sjá → ég sé \_\_\_\_\_

að sjóða → ég sýð \_\_\_\_\_

að sofa → ég sef \_\_\_\_\_

nafnháttur → nútið

að hlaupa → ég hleyp au → ey

að fara → ég fer \_\_\_\_\_

að fá → ég fæ \_\_\_\_\_

að búa → ég bý \_\_\_\_\_



Settu sagnorðin í svigunum í nútíð.


Sterk sagnorð eru mjög algeng og þú kannt örugglega að nota mörg þeirra rétt.

Ég (taka) \_\_\_\_\_ alltaf lýsi á morgnana. Ég (sofa) \_\_\_\_\_ oft til klukkan sex og (fara) \_\_\_\_\_ strax á fætur, (sjóða) \_\_\_\_\_ mér hafragraut og (fá) \_\_\_\_\_ mér kaffi á eftir. Áður en ég borða (hlaupa) \_\_\_\_\_ ég í hálf tíma til að halda mér í góðu formi. Ég (sjá) \_\_\_\_\_ venjulega ekki marga á ferli því ég (búa) \_\_\_\_\_ fyrir utan bæinn.



Skóðu sagnorðin í töflunni. Notaðu þau til að klára töfluna um i-hljóðvarpið. Hvaða sérhljóð breytast og hvernig verða þau? Strikaðu undir sérhljóðin og dragðu strik til að sýna hvernig sérhljóðin breytast.

nafnháttur	nútíð		
fara	ég fer	a	e
slökkva	ég slekk	ö	e
koma	ég kem	o	
þvo	ég þvæ	o	
róa	ég ræ	ó	æ
fá	ég fæ	á	
búa	ég bý	ú	
ljúga	ég lýg	jú	y
sjóða	ég sýð	jó	
hlaupa	ég hleyp	au	ey
sjá	ég sé	já	é



Skrifaðu 1. persónu eintölu, nútíð á línurnar.

Hljóðskipti og i-hljóðvarp er ekki það sama.

að brjóta ég brýt                      að ljúka ég \_\_\_\_\_  
 að sofa ég \_\_\_\_\_                      að ná ég \_\_\_\_\_  
 að taka ég \_\_\_\_\_                      að gráta ég \_\_\_\_\_

# u-hljóðvarp

Í 2. hefti (bls. 8) lærðir þú að **-a-** í stofni nafnorða og lýsingarorða breytist oft í **-ö-**. Þessi breyting, **a → ö**, er kölluð **u-hljóðvarp**.

kanna	könnur
dagur	dögum
svartur	svörtum
latur	löt
barn	börn

a → ö

latur      lötum  
            löt  
latra      latan      latir

u-hljóðvarp er líka til í beygingu sagnorða og er mjög reglulegt. Ef sagnorð hefur **-a-** í stofni breytist það í **-ö-** á undan endingum sem byrja á **-u**.

tala	við töl-um
fara	við för-um
ganga	við göng-um



Settu rétt form orðanna á línurnar.

- danska      Ég tala \_\_\_\_\_.
- tala          Við \_\_\_\_\_ bara íslensku.
- svart        Ég er í \_\_\_\_\_ pilsu.
- barn         Sigfús og Björg eiga þrjú \_\_\_\_\_.
- glas         Settu öll \_\_\_\_\_ á borðið.



u-hljóðvarp eða i-hljóðvarp?

Hann er að fara. Við förum líka.

Hann ætlar að hlaupa heim. Ég hleyp líka heim.

Hans ætlar að ganga heim. Ég geng líka.

Kannan er blá, hinar könnurnar eru rauðar.

Karen og Jón búa í Kína. Ég bý á Íslandi.

Þeir ganga stundum heim. Við göngum alltaf heim

a → ö er u-hljóðvarp

au → ey er i-hljóðvarp

# 4. Flokkar sagnorða

Sagnorð eru flokkuð eftir því

- hvort þau eru veik eða sterk
- hvernig persónu- og tölubeyging þeirra er í nútíð
- hvort þau fá i-hljóðvarp í nútíð eða ekki
- hvernig lýsingarháttur þeirra er

Veik sagnorð hafa þrjár kennimyndir.  
Sterk sagnorð hafa fjórar kennimyndir.

Veik sagnorð  
fá viðskeyti  
í þátíð.

Sterk sagnorð  
fá ekki viðskeyti  
í þátíð.



## 1. flokkur veikra sagnorða

Mörg sagnorð eru í þessum flokki.  
Þau fá viðskeytið **-að-** í þátíð.  
Lýsingarháttur þátíðar endar alltaf á **-að-**.

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd
<b>borða</b>	<b>borðaði</b>	<b>borðað</b>
Ég borða svið	Ég borðaði svið	Ég hef borðað svið
Þú borðar svið	Þú borðaðir svið	
Hann borðar svið	Hann borðaði svið	
Við borðum svið	Við borðuðum svið	
Þið borðið svið	Þið borðuðuð svið	
Þeir borða svið	Þeir borðuðu svið	

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og borða:

baka  
byrja  
dansa  
elda

hjálpa  
hlakka  
kosta  
lána

lita  
mála  
safna

sauma  
skoða  
skrifa

slappa af  
tala

teikna  
þakka



Mundu eftir u-hljóðvarpinu, a → ö.  
Ég baka kleinur.  
Við bökkum kleinur.



Veldu fjögur sagnorð úr listanum hér að ofan.

- Búðu til tvær setningar með sagnorðunum í nútíð.
- Búðu til tvær setningar með sagnorðunum í þátíð.



## Meira um veik sagnorð



Í hvaða persónu, tölu og tíð eru undirstrikuðu sagnorðin?

	persóna	tala	tíð
Kristján <u>hlakkaði</u> til að byrja í skólanum.	_____	_____	_____
Við <u>skuldum</u> þeim hundrað krónur.	_____	_____	_____
Þið <u>lánuðuð</u> okkur þúsund krónur í fyrradag.	_____	_____	_____
Ég <u>borgaði</u> ykkur níu hundruð í gær.	_____	_____	_____
Þú <u>skammar</u> Níels of mikið.	_____	_____	_____
Stína og Louise <u>byrja</u> í dansskóla í næstu viku.	_____	_____	_____

## 2. flokkur veikra sagnorða

Í þessum flokki fá sagnorðin ýmist **-ð-**, **-d-** eða **-t-** viðskeyti í þátíð. Lýsingarháttur þátíðar endar oftast á **-t**.

Taktu eftir að persónu- og tölubeyging

- er **öðruvísi** en í 1. flokki í **nú tíð**
- er **eins** og í 1. flokki í **þátíð**

Sum sagnorð í 2. flokki fá **-ð-** viðskeyti í þátíð.



1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd
keyra	keyrði	keyrt
Ég keyri bíl	Ég keyrði bíl	Ég hef keyrt bíl
Þú keyrir bíl	Þú keyrðir bíl	
Hann keyrir bíl	Hann keyrði bíl	
Við keyrum bíl	Við keyrðum bíl	
Þið keyrið bíl	Þið keyrðuð bíl	
Þeir keyra bíl	Þeir keyrðu bíl	

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og keyra:

beygja gera lifa  
byggja horfa læra



Búðu til þrjár setningar með sagnorðunum **gera**, **læra** og **horfa**.





Breyttu sagnorðunum í svigunum í þátíð.

Ég (horfi) \_\_\_\_\_ á sjónvarpið. Amma mín (lifir) \_\_\_\_\_ lengi.

Ég (læri) \_\_\_\_\_ heima. Þið (gerið) \_\_\_\_\_ ekkert í dag.

Jón og Anna (beygja) \_\_\_\_\_ til vinstri en ekki til hægri.

Þú (hreyfir) \_\_\_\_\_ þig ekkert. Við (byggjum) \_\_\_\_\_ kofa úti í garði.

Sum sagnorð í 2. flokki fá -d- viðskeyti í þátíð.

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd
<b>gleyma</b>	<b>gleymdi</b>	<b>gleymt</b>
Ég gleymi henni	Ég gleymdi henni	Ég hef gleymt henni
Þú gleymir henni	Þú gleymdir henni	
Hann gleymir henni	Hann gleymdi henni	
Við gleyfum henni	Við gleyfdu henni	
Þið gleymið henni	Þið gleyfduð henni	
Þeir gleyma henni	Þeir gleyfdu henni	

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og gleyma:



Búðu til þrjár setningar og skrifaðu þær í stílabókina þína. Notaðu sagnorðin **hringja**, **líma** og **senda**.



Skrifaðu sagnorðin í nútíð á línurnar.

Kristín (gleyma) \_\_\_\_\_ sér oft. Ég (hringja) \_\_\_\_\_ oft í Paul.

(senda) \_\_\_\_\_ þú Önnu pakkann? Við (fylgja) \_\_\_\_\_ henni heim á eftir.



Skrifaðu sagnorðin í þátíð á línurnar.

Karen og Susanne (fylgja) \_\_\_\_\_ mér heim í gær. Mamma (líma) \_\_\_\_\_ bollann.

Þið (gleyma) \_\_\_\_\_ nestinu heima. Það (rigna) \_\_\_\_\_ mikið í gær.




## Meira um 2. flokk veikra sagnorða

Sum sagnorð í 2. flokki fá -t- viðskeyti í þátíð.

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd
kyssa	kyssti	kysst
Ég kyssi mömmu	Ég kyssti mömmu	Ég hef kysst mömmu
Þú kyssir mömmu	Þú kysstir mömmu	
Hann kyssir mömmu	Hann kyssti mömmu	
Við kyssum mömmu	Við kysstum mömmu	
Þið kyssið mömmu	Þið kysstuð mömmu	
Þeir kyssa mömmu	Þeir kysstu mömmu	

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og kyssa:



Búðu til þrjár setningar og skrifaðu þær í stílabókina þína. Notaðu sagnorðin **brosa**, **læsa** og **synda**.



Settu sagnorðin í svigunum í þátíð.



Ég (hitti) \_\_\_\_\_ Jane oft. Lambið (eltir) \_\_\_\_\_ mömmu sína.

Amma og afi (henda) \_\_\_\_\_ aldrei neinu. (Læsir) \_\_\_\_\_ þú hjólinu?

Óli (nennir) \_\_\_\_\_ ekki að gera neitt. Við (syndum) \_\_\_\_\_ á hverjum degi.

### Afingar úr 2. flokki veikra sagnorða (-ð, -d, -t í þátíð).



Settu sagnorðin í svigunum í nútíð.

Strákurinn (byggði) \_\_\_\_\_ hús úr kubbum. Paul (keyrði) \_\_\_\_\_ of hratt.

Dísa (hringdi) \_\_\_\_\_ í mömmu sína. Ég (fylgdi) \_\_\_\_\_ Lilju heim.



Settu sagnorðin í svigunum í þátíð.

Ég (horfi) \_\_\_\_\_ oft á sjónvarpið. Það (rignir) \_\_\_\_\_ mikið í sumar.

Þú (hellir) \_\_\_\_\_ mjólk í glasið. Þið (lærið) \_\_\_\_\_ mikið í vetur.

### 3. flokkur veikra sagnorða


Í þessum flokki fá sagnorðin ýmist **-ð-**, **-d-** eða **-t-** viðskeyti í þátíð. Þessi sagnorð hafa stundum i-hljóðvarp. Mörg þeirra hafa **-j-** í nafnhætti. Lýsingarháttur þátíðar endar á **-t** eða **-ið**.

Taktu eftir

- að persónu- og tölubeyging í nútíð er öðruvísi en í flokki 1 og 2
- að persónu- og tölubeyging í þátíð er eins og í flokki 1 og 2

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd
<b>vekja</b>	<b>vakti</b>	<b>vakið</b>
Ég vek pabba	Ég vakti pabba	Ég hef vakið pabba
Þú vekur pabba	Þú vaktir pabba	
Hann vekur pabba	Hann vakti pabba	
Við vekjum pabba	Við vöktum pabba	
Þið vekkið pabba	Þið vöktuð pabba	
Þeir vekja pabba	Þeir vöktu pabba	

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og vekja í nútíð:



flytja (flutti-flutt)      skilja (skildi-skilið)  
leggja (lagði-lagt)      vekja (vakti-vakið)  
fela (faldi-falið)      setja (setti-sett)  
velja (valdi-valið)      telja (taldi-talið)  
selja (seldi-selt)



Í hvaða persónu, tölu og tíð eru undirstrikuðu sagnorðin?

Fjölskyldan flutti í Garðabæ. 3.p. et. pt.

Jón setur bókina á borðið. \_\_\_\_\_

Mamma vakti Stínu klukkan átta. \_\_\_\_\_

Ég valdi frönsku \_\_\_\_\_ en hinir völdu þýsku. \_\_\_\_\_

Við leggjum okkur í smástund. \_\_\_\_\_



Skrifaðu um það sem þú gerðir í gær.

# Sterk sagnorð

Sterk sagnorð eru ekki mörg en þau eru flest mjög algeng. Mörg sterk sagnorð hafa i-hljóðvarp í nútíð, eintölu. Lýsingarháttur þátíðar (lh. þt.) endar alltaf á -ið.

Taktu eftir

- að sterk sagnorð fá ekki viðskeyti í þátíð eins og veik sagnorð
- að stofn sterkra sagnorða er ekki eins í nútíð og þátíð (hljóðskipti)
- að sterk sagnorð hafa fjórar kennimyndir

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd	4. kennimynd
<b>drekka</b>	<b>drakk</b>	<b>drukum</b>	<b>drukkið</b>
Ég drekk mjólk Þú drekkur mjólk Hann drekkur mjólk Við drekkum mjólk Þið drekkið mjólk Þeir drekka mjólk	Ég drakk mjólk Þú drakkst mjólk Hann drakk mjólk	Við drukum mjólk Þið drukkuð mjólk Þeir drukku mjólk	Ég hef drukkið mjólk

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og drekka:



Settu sagnorðin í svigunum í þátíð.

Litla stelpan (leika) \_\_\_\_\_ sér oft í garðinum.

(syngja) \_\_\_\_\_ hann í kórnum?

Strákarnir (geta) \_\_\_\_\_ ekki komið.

Þeir (finna) \_\_\_\_\_ ekki bíllyklana.

Hvað (gefa) \_\_\_\_\_ þið Jónsa í jólagjöf?

Er June heima? Nei, hún (skreppa) \_\_\_\_\_ út í búð.




Búðu til fjórar setningar og skrifaðu þær í stílabókina þína. Notaðu sagnorðin **biðja**, **detta**, **sitja** og **vinna**.

Mörg sagnorð hafa i-hljóðvarp í nútíð eintölu

1. kennimynd	2. kennimynd	3. kennimynd	4. kennimynd
<b>brjóta</b>	<b>braut</b>	<b>brutum</b>	<b>brotið</b>
Ég brýt glasið Þú brýtur glasið Hann brýtur glasið Við brjótum glasið Þið brjótið glasið Þeir brjóta glasið	Ég braut glasið Þú braust glasið Hann braut glasið	Við brutum glasið Þið brutuð glasið Þeir brutu glasið	Ég hef brotið glasið

Fleiri sagnorð sem beygjast eins og brjóta:



Búðu til fjórar setningar og skrifaðu þær í stílabókina þína. Notaðu sagnorðin **ganga**, **hlaupa**, **sjóða** og **taka**.

Mundu eftir i-hljóðvarpinu.

Settu sagnorðin í svigunum í nútíð.

Hvenær (koma) kemur þú heim?

Ég (halda) \_\_\_\_\_ á skólatöskunni.

Þið (ráða) \_\_\_\_\_ alltaf öllu!

Sjónvarpið (standa) \_\_\_\_\_ í horninu.

Uss, pabbi (sofa) \_\_\_\_\_.

Örninn (fljúga) \_\_\_\_\_ hátt.

Barnið (gráta) \_\_\_\_\_ í vöggunni.

Kalli (bjóða) \_\_\_\_\_ mörgum í afmælið.

Við (taka) \_\_\_\_\_ til á laugardögum.



vera	nt.	þt.
Ég	er	var
Þú	ert	varst
Hann	er	var
Við	erum	vorum
Þið	eruð	voruð
Þeir	eru	voru
<b>búa</b>		
Ég	bý	bjó
Þú	býrð	bjóst
Hann	býr	bjó
Við	búum	bjuggum
Þið	búið	bjugguð
Þeir	búa	bjuggu
<b>fara</b>		
Ég	fer	fór
Þú	ferð	fórst
Hann	fer	fór
Við	förum	förum
Þið	farið	fóruð
Þeir	fara	fóru
<b>fá</b>		
Ég	fæ	fékk
Þú	færð	fékkst
Hann	fær	fékk
Við	fáum	fengum
Þið	fáið	fenguð
Þeir	fá	fengu
<b>lesa</b>		
Ég	les	las
Þú	lest	last
Hann	les	las
Við	lesum	lásum
Þið	lesið	lásuð
Þeir	lesa	lásu
<b>ná</b>		
Ég	næ	náði
Þú	nærð	náðir
Hann	nær	náðir
Við	náum	náðum
Þið	náið	náðuð
Þeir	ná	náðu
<b>sjá</b>		
Ég	sé	sá
Þú	sérð	sást
Hann	sér	sá
Við	sjáum	sáum
Þið	sjáið	sáuð
Þeir	sjá	sáu
<b>spyrja</b>		
Ég	spyr	spurði
Þú	spyrð	spurðir
Hann	spyr	spurði
Við	spyrjum	spurðum
Þið	spyrjið	spurðuð
Þeir	spyrja	spurðu

## Óregluleg sagnorð

Nokkur sagnorð, bæði veik og sterk, beygjast óreglulega í nútíð, eintölu. Þau hafa stofn sem endar á sérhljóði eða -r eða -s.

Sagnorðin **deyja**, **fá**, **hlæja**, **slá**, **róa** og **snúa** eru sterk og beygjast eins og **búa** og **sjá**.

Sagnorðin **flýja** og **þvo** eru veik og beygjast eins og **ná**.

Sagnorðin **bera**, **skera** og **kjósa**, sem eru sterk sagnorð, beygjast eins og **fara** og **lesa**.

Sagnorðin **smyrja**, **berja** og **verja** eru veik og beygjast eins og **spyrja**.



Flettu upp í orðabók og skrifaðu kennimyndir sagnorðanna á línurnar.

deyja dó dóum dáíð

fá \_\_\_\_\_

hlæja \_\_\_\_\_

skera \_\_\_\_\_

kjósa \_\_\_\_\_

berja \_\_\_\_\_



Hvernig eru þessi sagnorð í nútíð eintölu? Skoðaðu töfluna um i-hljóðvarp á bls. 14.

hlæja ég hlæ þú hlærð hann hlær

fá \_\_\_\_\_

kjósa \_\_\_\_\_

smyrja \_\_\_\_\_

# Ópersónuleg sagnorð

Ópersónuleg sagnorð eru eins í öllum persónum, bæði eintölu og fleirtölu. Þau beygjast ekki í persónu og tölu.

Frumlag ópersónulegra sagnorða er í þolfalli eða þágufalli. Það er ekki í nefnifalli.

Ópersónuleg sagnorð beygjast í tíð eins og önnur sagnorð. Sum eru veik og fá viðskeyti í þátíð eins og **langa** og **dreyma**.

Með sagnorðunum **langa** og **dreyma** er frumlag í þolfalli.

Hvað langar þig að gera þegar þú verður stór?

Mig	langar	í nammi	Mig	langaði	í nammi í gær
Þig	langar	í nammi	Þig	langaði	í nammi í gær
Hann	langar	í nammi	Hann	langaði	í nammi í gær
Okkur	langar	í nammi	Okkur	langaði	í nammi í gær
Ykkur	langar	í nammi	Ykkur	langaði	í nammi í gær
Þá	langar	í nammi	Þá	langaði	í nammi í gær



Mig	dreymir	alltaf vel	Mig	dreymdi	vel í nótt
Þig	dreymir	alltaf vel	Þig	dreymdi	vel í nótt
Hann	dreymir	alltaf vel	Hann	dreymdi	vel í nótt
Okkur	dreymir	alltaf vel	Okkur	dreymdi	vel í nótt
Ykkur	dreymir	alltaf vel	Ykkur	dreymdi	vel í nótt
Þá	dreymir	alltaf vel	Þá	dreymdi	vel í nótt

Dreymdi þig eitthvað skemmtilegt í nótt?


Fleiri ópersónuleg sagnorð sem hafa frumlag í þolfalli eru:



Rifjaðu upp fallbeygingu persónufornafna á bls. 26, í 2. hefti.

 Skrifðu fornöfnin í þolfalli á línurnar.

- (þú) Hvað langar \_\_\_\_\_ að gera um helgina?
- (ég) \_\_\_\_\_ langar að fara í leikhús.
- (ég) Mamma, \_\_\_\_\_ vantar pening.
- (við) \_\_\_\_\_ vantar nýjan bíl.
- (hún) \_\_\_\_\_ dreymdi skrýttinn draum í nótt.
- (þið) Hvað dreymdi \_\_\_\_\_?





## Meira um ópersónuleg sagnorð

Önnur ópersónuleg sagnorð eru sterk. Þau hafa mismunandi stofnsérhljóð í nútíð og þátíð eins og líða og finnast.

Hvað finnst þér gaman að gera?

Með sagnorðunum finnast og líða er frumlag í þágufalli.

Hvernig líður þér í dag?


Mér	finnst	gaman í dag	Mér	fannst	gaman í gær
þér	finnst	gaman í dag	þér	fannst	gaman í gær
Honum	finnst	gaman í dag	Honum	fannst	gaman í gær
Okkur	finnst	gaman í dag	Okkur	fannst	gaman í gær
Ykkur	finnst	gaman í dag	Ykkur	fannst	gaman í gær
þeim	finnst	gaman í dag	þeim	fannst	gaman í gær

Mér	líður	vel í dag	Mér	leið	vel í gær
þér	líður	vel í dag	þér	leið	vel í gær
Honum	líður	vel í dag	Honum	leið	vel í gær
Okkur	líður	vel í dag	Okkur	leið	vel í gær
Ykkur	líður	vel í dag	Ykkur	leið	vel í gær
þeim	líður	vel í dag	þeim	leið	vel í gær

Ópersónuleg sagnorð eru ekki mörg en þau eru algeng. Merking þeirra er oft tengd tilfinningu, líkama eða hugsun.

Fleiri sagnorð sem hafa frumlag í þágufalli eru:

Rifjaðu upp fallbeygingu persónufornafna á bls. 26, í 2. hefti.



Skrifaðu fornöfnin í þágufalli á línurnar.

- (hann) \_\_\_\_\_ gengur vel í skólanum.
- (ég) \_\_\_\_\_ líður miklu betur í dag.
- (hún) \_\_\_\_\_ batnar örugglega um helgina.
- (þið) Hvað finnst \_\_\_\_\_ skemmtilegast að gera?
- (við) \_\_\_\_\_ finnst gaman að fara í leikhús.
- (hún) \_\_\_\_\_ dettur margt fyndið í hug.
- (þú) Líður \_\_\_\_\_ ekki vel? Þú ert svolítið föl.
- (hún) \_\_\_\_\_ leiðist stundum þegar hún er ein.

